

## 029/01 - Múlaberg ÓF 32

Múlaberg ÓF 32, skipverji slasast þegar grandaravír slæst í hann

### Múlaberg ÓF 32

**Skipaskr.nr.:** 1281

**Smíðaður:** Nigata, Japan 1973 Stál

**Stærð:** 550,00 brl; 808,00 bt

**Lengd:** 53,87 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Nigata 1.691,00 kW **Ágerð:** 1973

**Annað:**

**Földi skipverja:**



### Atvikalýsing

Hinn 21. janúar 2001 var Múlaberg ÓF 32 á veiðum á Langanesdjúpi. Veður: SV 15m/sek og sjólítið.

Þegar verið var að taka inn trollið kom bakstroffuskottið óklárt inn og fór skipverji út í rennuna til að gera það klárt. Þegar hann var á leið úr rennunni reið alda undir skipið og grandaravír stjórnborðsmeginn slóst til og í fætur skipverjans og klemmdi hann að lunningu. Skipverji fann til eymsla í hné.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.